STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2001

Nr. 669 1880 7. september 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 9. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. september 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 670 7. september 2001

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á grunnslóð við Vestfirði.

1. gr.

Á tímabilinu 9. september til 15. október 2001 eru allar línuveiðar bannaðar á grunnslóð við Vestfirði á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°19´80 N – 23°49´00 V
2. 66°14´60 N – 23°24´00 V
3. 66°11´90 N – 23°27´00 V
4. 66°09´80 N – 23°34´00 V
5. 66°04´40 N – 23°46´30 V
6. 66°11´20 N – 24°10´10 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Gutenberg